

Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44
710 Seyðisfjörður

Reykjavík 3. nóvember 2020
UST202010-234/B.S.
10.04.03

**Efni: Aðalskipulag - efnistökusvæði – Seyðisfjörður. Skipulags- og matslýsing.
Umsögn**


Vísað er til bréfs Seyðisfjarðarkaupstaðar dags. 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.


Um er að ræða fyrirhugaða efnistöku í norðanverðum Efri Staf þar sem ætlunin er skilgreina efnistökusvæði þar sem heimilt verður að taka 45.000 m³ af efni. Fyrirhuguð náman er á granns væði vatnsverndar.

Umhverfisstofnun telur að tilgreindir séu flestir umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsins. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi ítarlega grein fyrir mengunarvörnum í námunni og má í því sambandi benda á verklagsreglur sem Vegagerðin hefur viðhaft við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum. Einnig hvort önnur vinnsla verði í námunni önnur en vinnsla stórgrýtis s.s. mölun og hvernig vinnslu verði háttað m.t.t. áhrifa á landslag. Í því sambandi vill Umhverfisstofnun benda á vefsíðuna namur.is.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur